

Er byggingariðnaðurinn á leið á válistann?

**Sá sem bjargar
einu barni
bjargar
mannkyninu**

– segir Njörður P. Njarðvík,
frumkvöðull að stofnun
félagasamtakanna SPES-börn

**Skógrækt er
mitt líf og yndi**

Harpa Dís í Björnskoti heimsótt



Félag iðn- og tæknigreina er öflugt stéttarfélag sem tryggir þér góð réttindi

- Sjúkrasjóður tryggir 80% af heildarlaunum í veikindum og slysum
- 27 glæsileg sumarhús, tjaldvagnar, tjaldsvæði og stangveiði
- Hús á Flórída og íbúð á Spáni, tilboðsferðir til sólarlanda
- Styrkir til sjúkrabjálfunar, líkamsræktar, gleraugnakaupa ofl.
- Öflug endurmenntun og fjölbreyttir fræðslustyrkir
- Félagsgjöld aðeins 0,7% af mánaðarlaunum
- Sterkir sjóðir

Öflugt stéttarfélag - betri réttindi

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

www.fit.is

Ábyrgðarmaður:

Finnbjörn A.

Hermannsson

Ritstjóri:

Sævar Guðbjörnsson

Umsjónarmaður:

Þorbjörn Guðmundsson

Útgefandi:

Samiðn, Borgartúni 30,

108 Reykjavík

Sími: 535 6000

Ritstjórn:

Finnbjörn A. Hermannsson og

Hilmar Harðarson

Auglýsingar:

Hænir sf., sími 55 88 100

Hönnun og umbrot:

Blaðasmiðjan

Prentun:

Gutenberg

Samiðn,

samband iðnfélaga, er landssamband stéttarfélaga í iðnaði og aðild að sambandinu eiga starfsmenn í bilgreinum, hársnyrtigreinum, málmtæknigreinum, byggingargreinum, garðyrkju og skipasmiðum.

Miðstjórn Samiðnar:

Finnbjörn A. Hermannsson,

formaður,

Hilmar Harðarson,

varaformaður,

Hákon Hákonarson, ritari,

Sigurjón Einarsson, gjaldkeri,

Ólafur Magnússon,

Súsanna Vilhjálmstöttir,

Hjálmpór Bjarnason,

Georg Óskar Ólafsson,

Páll Sighvatsson,

Rúnar Bogason,

Heimir Kristinsson

Starfsmaður Samiðnar:

Þorbjörn Guðmundsson

Heimasíða:

www.samidn.is

Samiðn – félagsblað

er sent öllum

félagsmönnum Samiðnar

MEÐAL EFNIS

Aðgerða er þörf

Finnbjörn A. Hermannsson formaður Samiðnar fjallar um efnahagsástandið og brýnir stjórnvöld til aðgerða. Ef ekki verður brugðist við má búast við að báturinn sigli framhjá bryggjunni og beint upp í fjöru.

5

Er byggingariðnaðurinn kominn á valista?

Verkefnastaðan er góð – er samdóma álit þriggja forystumanna verktakafyrirtækja sem Samiðnarblaðið ræddi við. Í ljós kemur að „kreppan“ bitnar fyrst og fremst á þeim sem vinna við að reisa íbúðarhúsnæði.

8



Skógarharpa

Harpa Dís Harðardóttir sinnir skógrækt á Suðurlandi af ástríðu. Hún býr á Skeiðunum og vill hvergi annars staðar vera.

26



Pípað í Japan

Árni Már Heimisson pípari fór nýlega til Japans til að taka þátt í heimsmeistaramóti iðngreina. Ótrúleg upplifun, segir hann og hvetur iðnnema til að taka þátt í öllum mótum sem bjóðast. Þetta gerir okkur að betri fagmönnum, segir hann.

11

LEIÐARINN:

Bygginga- og mannvirkjagerð í klakaböndum

Við bygginga- og mannvirkjagerð starfa um 15 þúsund manns og ekki er óvarlegt að halda því fram að um 45 til 50 þúsund manns byggi lífsafkomu sína með einum eða öðrum hætti á henni. Til viðbótar eru öll afleiddu störfín, til dæmis í verslun og ýmiss konar þjónustu. Starfsmannaflóran tekur til margra starfsstétta verkamanna, iðnaðarmanna og háskólamenntaðs fólks. Samdráttur í atvinnugreininni snertir því mjög marga í formi uppsagna starfsmanna og minni tekna heimilanna, samdráttur í verslun og skorti á verkefnum hjá verkfræðistofum. Hið opinbera verður af miklum tekjum í formi minni skatta einstaklinga og veltuskatta fyrirtækja. Bygginga- og mannvirkjagerð er ein af kjarnagreinum atvinnulífsins og mikill samdráttur í greininni hefur því veruleg áhrif og leiðir til samdráttar í efnahagslífinu og minni hagvaxtar. Bygginga- og mannvirkjagerðin hefur gengið í gegnum mikið uppgangsskeið síðustu fimm til sex ár, sem birist hefur í mikilli eftirspurn eftir starfsfólki og gríðarlegri framleiðslu nýs húsnæðis. Gott og langt hagvaxtarskeið með vaxandi kaupmætti hefur leitt til mikillar þenslu á fasteignamarkaði með gríðarlegri eftirspurn eftir nýju húsnæði og verðhækkunum. Hægt er að fullyrða að verð á íbúðarhúsnæði hafi farið yfir skynsamleg mörk og verð á almennu íbúðarhúsnæði hafi verið komið fram úr kaupmætti stórs hluta almennings. Við blasti að markaðurinn mundi fyrr eða síðar rétta verðin af en áður en það gerðist tóku stjórnvöld að handstýra markaðnum með því að hvetja almenning til að halda að sér höndum og fara ekki í íbúðarkaup, og með því keyra vexti upp með hækkun stýrivaxta. Handstýring stjórnvalda með þessum hætti verður að teljast óheppileg og samræmist ekki nútíma stjórnarháttum enda blasa afleiðingarnar við, klakabönd eru að leggjast yfir atvinnugreinina sem erfitt getur reynst að þíða.

Viðskipti með íbúðarhúsnæði hafa ekki verið minni um langt árabil. Verktakar sitja uppi með mikið af

óseldum íbúðum, vaxtagreiðslur af framkvæmdalánnum mersjúga þá og þeir eru farnir að bregðast við með því að segja upp starfsfólki. Ef ekkert verður að gert blasa við gjaldþrot og mikið atvinnuleysi á næstu mánuðum með öllum þeim hörmungum sem því fylgja.

Stjórnvöld geta brugðist við með margvíslegum hætti:

- Hrinda í framkvæmd fyrirhuguðu átaki í að fjölga leiguhúsnæði fyrir tekjulága. Gert er ráð fyrir að á næstu fjórum árum verði fjölgað um 400 íbúðir á ári.
- Bregðast við lánsfjárekreppunni með því að breyta reglum Íbúðalánasjóðs, m.a. með því að hækka lánshlutfall í allt að 90% og miða veðheimild við markaðsverð en ekki brunabótamat.
- Fella niður stimpilgjöld, ekki eingöngu af fyrstu íbúð eins og fyrirhugað er.
- Grípa til aðgerða til að auðvelda ungu fólki að kaupa fyrstu íbúð sína með því að taka upp sérstakar vaxtabætur vegna fyrstu íbúðarkaupa.
- Aukið fjármagn verði sett í verklegar framkvæmdir og framkvæmdum á borð við Sundabraut flýtt sem kostur er.
- Haldið verði áfram uppbyggingu stóriðju og orkuvera.
- Ríkið setji stórauikið fjármagn í viðhald opinberra mannvirkja.

Til allra þessara aðgerða geta stjórnvöld gripið ef vilji er fyrir hendi. Ábyrgð stjórnvalda er mikil á því ástandi sem er að skapast í bygginga- og mannvirkjagerð og þeim ber skylda til að bregðast við og koma í veg fyrir alkulnun. Allar aðgerðir til að afstýra kreppuástandi og miklu atvinnuleysi skila sér margfalt til baka til samfélagsins. Samiðn kallar eftir skjóttum úrræðum og lýsir sig tilbúna til samstarfs. Allt sem þarf er áráði, framsýni og styrk efnahagsstjórn.



Finnbjörn A. Hermannsson formaður Samiðnar skrifar

„Hvað skyldi báturinn vera að hugsa“

Nýlega gaf hagdeild ASÍ út efnahagsspá sína. Það er athyglisvert að skoða hana og velta fyrir sér hvað er í vændum í byggingar- og málmíðngreinum ef hún gengur eftir. Á næsta ári er spáð um 3ja prósentu atvinnuleysi á vinnumarkaðnum. Ekki er líklegt að það atvinnuleysi snerti opinbera eða hálfopinbera markaðinn. Því er ekki ólíklegt að á almenna vinnumarkaðnum verði um 5% atvinnuleysi ef þessar spár ganga eftir. Einnig er líklegt að atvinnuleysið komi misjafnt niður á starfsgreinum. Eins og stjórnvöld og bankar djöflast á að tala niður fasteignaverð og eftir að bankar hafa stoppað lán til framkvæmda þá er líklegt að byggingariðnaðurinn verði hvað verst úti í atvinnuleysinu. Það er með ólíkindum að lagst sé af slíkum þunga á eina atvinnugrein til sveiflujöfnunar í efnahagskerfi þjóðarinnar. Af fjölmörgum hagspám er ASÍ með þá sem spáir minnstu atvinnuleysi svo við vonum að þeir séu sannspáustu „spá-kerlingarnar“.

Á árunum 2004 til 2007 þegar allt var á suðupunkti í framkvæmdum var ríkisvaldinu bent á að nú væri tími að draga úr opin-

berum framkvæmdum. En ríkið fór sem aldrei fyrr í framkvæmdir. Nú þegar séð er að lægð verður næstu tvö árin eru komnar raddir um að ríkið dragi einnig úr framkvæmdum svo ekki verði halli á ríkissjóði. Forsvarsmenn fjárlaganefndar eru byrjaðir að tala niður framkvæmdir ríkissjóðs og þá helst framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem líklegt er að atvinnuleysi bitni hvað harðast á. Ég segi eins og kerlingin forðum þegar hún sá bát sigla framhjá bryggjunni og beint upp í fjöru: „Hvað skyldi báturinn vera að hugsa?“. Ég tel að ef báturinn hugsar eitthvað um þessar mundir eigi ríkisstjórnin að koma inn með vinnuafslfrekar framkvæmdir, svo sem viðhaldsvinnu á húsnæði sínu, en ekki draga úr framkvæmdum. Þá siglir báturinn framhjá bryggjunni og upp í fjöru. Báturinn verður að fara að hugsa. Í þeirri eignaupptöku sem á sér stað um þessar mundir með óða-verðbólgu meðan heimilin eru skuldsett upp á tæplega þrenn árslaua ráðstöfunartekna af verðtrygðum lánnum er óþjörgulegt að taka síðan atvinnuna af fólki til viðbótar með aðgerðaleyssi. Við í verkalyðshreyfingunni getum barið okkur á brjóst og sagt að „við sögðum að þetta færi svona“ en það er til lítils. Forusta verkalyðshreyfingarinnar er búin að vera að reyna að ná eyrum ríkisstjórnarinnar í um hálf töl til að ræða það ástand sem við sjáum framundan og gera ráðstafanir. Forsætis- og utanríkisráðherrar hafa ekki haft tíma þegar þeir hafa millilenti hér til að skila af sér óhreinum þvotti milli heimsreisa til að funda með hreyfingunni. Það verður mjög áleitinn spurning þegar kemur að endurskoðun kjarasamninga í febrúar hvort forsenda framlengingar, ef við viljum skoða slíkt, verði ekki að ríkisstjórnin fari frá og fólk sem treystir sér til að taka á vandamálunum hér heima taki við. Nú sýnist mér það besta kjarabótin. En ég vona að ríkisstjórnin nýti sér hinn sterka meirihluta á alþingi til betri hluta en aðgerðaleyssi. Kannski hressist Eyjólfur og verður á vetur setjandi.

Útlendingana heim?

Margar fyrirspurnir hafa borist aðildarfélagum Samiðnar um hvernig standa beri að uppsögnum. Undirtónn sumra fyrirspurna er hvort ekki sé eðlilegt að segja útlendingunum upp fyrst áður en hreyft verði við heimamönnum. Svar okkar hefur verið á einn veg, að allir skuli standa jafnir frammi fyrir uppsögnum. Það gilda vissar siðferðisreglur um uppsagnir, svo sem að horft sé til starfsaldurs og einnig er eðlilegt að fyrirtæki „verji“ kjarnastarfsmenn sína. Þar eru erlendir starfsmenn jafnrétt háir öðrum. Við verðum að sýna þessum erlendu starfsmönnum sanngirni. Það er ekki hægt að kalla þá til þegar mikið er að gera en vilja ekki verja þá þegar þingir að. Ég hvet fyrirtæki og starfsmenn að leita fyrst allra leiða, svo sem að draga úr yfirvinnu eða beita annarri hagræðingu, áður en gripid verður til uppsagna. Það er mikill auður í vönu starfsfólki og þeim verkferlum og þekkingu sem starfsfólk býr yfir sem heild.

Einangrunargler

allar gerðir

lítið — sýnishorn af framleiðslu Glertækni. Þunnar rúður fyrir gömul hús. Glerið sem grætur ekki. Hverfandi varmaleiðni á köntum rúðu.

Mattur einangrandi millilisti úr sílikongúmmí sem inniheldur rakadrægt efni. Óslitinn á hornum, aðeins ein samskeyti á rúðu.

Falshæð 10 mm.

Falsdýpt 18 mm.

11 mm þykk rúða með háeinangrandi gleri einangrar betur en hefðbundin 20 mm þykk rúða (4-12-4).



Hotmelt Butyl rakapétting tryggir langan líftíma rúðunnar.



GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21 • 270 Mosfellsbæ • Sími 566 8888 • Fax 566 8889

NÝTTU ÞÉR STIGHÆKKANDI VEXTI

HELSTU KOSTIR VAXTAPREPS:



Vaxtaprep er sparnaðarreikningur sem býður
upp á **háa og örugga** ávöxtun.

GLITNIR

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta
útibúi eða í þjónustuveri í síma **440 4000**

Sameining Trésmiðafélags Reykjavíkur og Félags byggingamanna í Eyjafirði



Stjórnir nýja félagsins á fyrsta fundinum á Stóra-Hofi í vor.

Sameining Trésmiðafélags Reykjavíkur og Félags byggingamanna í Eyjafirði var samþykkt á aðalfundum beggja félaga sem haldnir voru 17. apríl í vor. Tillagan um samþykktina byggðist á sameiningaráætlun þar sem gert er ráð fyrir því að sameiningin taki gildi í áföngum og verði að fullu lokið fyrir 15. apríl 2009. Á tímabilinu starfa tvær stjórnir, önnur fyrir norðan og hin á félagssvæði TR. Þeim er ætlað að vinna náið saman og undirbúa hina endanlegu sameiningu sem fram fer á aðalfundi eftir tæpt ár. Stjórnirnar héldu fyrsta sameiginlega fund sinn á Stóra-Hofi hinn 6. maí. Þar var Finnbjörn Hermannsson kjörinn formaður og Heimir Kristinsson varaformaður.

Félagið heitir TR-BYGG, að minnsta kosti til bráðabirgða, og heldur úti starfsemi á báðum starfsstöðvum fyrirrennara sinna, á Akureyri og í Reykjavík.

Formlegar og óformlegar þreifingar um sameiningu höfðu átt sér stað um nokkurt skeið. Það er í samræmi við þá þróun sem verið hefur ríkjandi í verkalýðshreyfingunni á undanföllum árum, jafnt innan Samiðnar sem í öðrum samböndum.

Aðild að félaginu

Félagið er ætlað þeim sem hafa sveinsbréf eða löggilt iðnbréf í húsa-, húsgagna- eða skipasmíði, húsgagnabólstrun, málaraiðn, múraraiðn, pípulögnum og veggföðrun. Ennfremur er gert ráð fyrir að nemar í þessum greinum séu í félaginu og starfsmenn sem hafa að minnsta kosti ársmenntun í byggingariðnaði og hafa staðfest starfsréttindi því til staðfestingar.

Margra ára baráttumál í höfn

Súsanna Vilhjálmisdóttir formaður Félags hársnyrtisveina segir að endurmenntunarmál stéttarinnar séu komin á beinu brautina. Græn námskeið í haust.

– Það hefur verið baráttumál okkar hjá Félagi hársnyrtisveina í mörg ár að koma skikki á endurmenntunarmálin. Við náðum samstöðu með meisturum við gerð síðustu kjarasamninga um að taka upp endurmenntunargjald og í framhaldi af því höfum við nú gert samkomulag við fræðslusetrið Iðu um að þeir taki að sér minnst þrjú námskeið fyrir hársnyrtisveina í haust, segir Súsanna Vilhjálmisdóttir formaður Félags hársnyrtisveina.

– Þetta samstarf við Iðuna er tilraunaverkefni til eins árs og eftir það metum við árangurinn, segir Súsanna sem telur að nú sé bjart framundan í endurmenntunarmálum hársnyrtisveina en fram að þessu hefur fátt verið um fina drætti í þeim efnunum. Helst að umboðsmenn hársnyrtivarnings hafi boðið fram námskeið sem tengjast vörum þeirra.

– Fyrsta námskeið sem við bjóðum snýst um um rekstur „grænnar stofu“ – sem er heiti á hársnyrtistofum sem nota umhverfisvæn hársnyrtiefni. Við verðum vör við að áhugi íslenskra hársnyrtis á að kynna sér notkun þessara efna er að aukast, og á það bæði við um sveina og meistara.

Áhuginn er ekki síst tilkominn vegna þrýstings frá viðskiptavinum, en að sögn þeirra sem starfa úti á markaðnum gerist það æ oftar að viðskiptavinir spyrjast fyrir um umhverfisvæna hársnyrtivöru. Fólk er orðið meðvitað um allt umhverfi sitt, hvað það lætur ofan í sig og hvað gert er við ruslið, og það vill ekki lengur að hár þess sé meðhöndlað með kemískum efnunum, segir Súsanna sem hefur kynnt sér vel notkun umhverfisvænna efna í hársnyrtingu.

– Við fáum Johan Galster efnaverkfræðing frá Danmörku hingað til lands og heldur hann fyrirlestur um notkun grænna efna í hársnyrtingu. Hann hefur víðtæka þekkingu á þessu sviði og það er mikill fengur að fá hann hingað til lands til að fræða okkar fólk, segir Súsanna sem vonar að félagsmenn sínir taki þessu tilboði vel. Hin tvö námskeiðin sem í boði verða snúast annars vegar um litun og hins vegar um herraklippingu.

– Við ætlum að bjóða stutt námskeið sem standa frá klukkan hálf-níu til hálf-ellefu á morgnana. Við höldum að félagsmenn okkar séu betur upplagðir til að setjast á námskeið í upphafi dags en að



Súsanna Vilhjálmisdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina.

loknum erfiðum vinnudegi. Einnig sjáum við fyrir okkur að fólk geti farið til vinnu strax að loknu námskeiði og byrjað strax að nýta sér þá þekkingu sem það hefur aflað sér, segir Súsanna. – Nú er það undir félagsmönnum komið hvernig til tekst. Við vonum að sveinar taki þessu vel og komi með hugmyndir að námskeiðum, og að þeir sem eru að fást við nýja hluti verði tilbúnir að miðla þeirri reynslu til annarra. Þannig gerist þetta í hársnyrtifaginu, segir Súsanna Vilhjálmisdóttir formaður Félags hársnyrtifræðinga.



Enginn sparnaður stenst samanburð við séreignarsparnað

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er öflugur og óháður lífeyrissjóður sem býður upp á hagstæðan séreignarsparnað.

Ávöxtunarleið við hæfi hvers og eins

Hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum er í boði úrval ávöxtunarleiða fyrir séreignarsparnað allt eftir óskum hvers og eins. Aldursleið er þjónusta fyrir þá sem vilja láta færa inneign sína sjálfkrafa milli eignasafna eftir því sem aldurinn færir yfir og fá þannig heppilega áhættudreifingu miðað við sparnaðartímann. Annar kostur er að búa til sitt eigið safn séreignarsparnaðar með því að velja fasta Aldursleið eða skipta sparnaði sínum á tvær eða fleiri Aldursleiðir.

Góð ávöxtun, lágur kostnaður og persónuleg þjónusta

Hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum er ávöxtun í höndum sérfræðinga sem stýra eignum sjóðsins. Mikil áhersla er lögð á faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Virkt innheimtuferli


Ef vanskil verða sér sjóðurinn um að innheimta þau ásamt dráttarvöxtum og hvort tveggja leggst óskipt á séreignarreikning sjóðfélaga.

Örorkuvernd

Með séreignarsparnaði býður Sameinaði lífeyrissjóðurinn einnig Örorkuvernd, sem er valfrjáls váttrygging,* ætluð þeim sem eru að koma út á vinnumarkaðinn í fyrsta skipti, á meðan þeir ávinna sér rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum.

Skráðu þig strax í séreignarsparnað hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum á www.lifeyrir.is – það borgar sig!

Eignasamsetning Aldursleiða*



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími 510 5000 • lifeyrir.is

*Váttryggiandi er Váttryggingafélag Íslands.

Er byggingariðnaður á leið á válistann?

Blikur eru á lofti í íslensku efnahagslífi. Blikur sem ekki hafa farið framhá nokkrum manni. Eins og svo oft áður þegar kreppir að er það byggingariðnaðurinn sem fyrst verður fyrir barðinu á efnahagslægdinni. Samdrátturinn í sölu íbúðarhúsnæðis hefur þegar leitt til uppsagna hjá einstökum fyrirtækjum sem hafa sérhæft sig í byggingu íbúða.

Þrátt fyrir slæma stöðu á þessum markaði var þokkalegt hljóð í forvígismönnum verktakafyrirtækja sem Samiðnarblaðið tók tali – en hætt er við að erlendu starfsmennirnir finni fyrstir fyrir breytingunum.

– Menn hafa verið að setja sig í samband við okkur og spyrja hvernig þeir eiga að standa að fjöldauppsögnum, en enn sem komið er hafa okkur ekki borist neinar slíkar tilkynningar, segir Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Samiðnar, aðspurður um hvort kreppan á íbúðarhúsnæðismarkaði sem hefur verið í umræðunni að undanfögnu hafi komið inn á borð hjá stéttarfélagi byggingarmanna.

– Það er ljóst að mörg fyrirtæki sem hafa byggt starfsemi sína í kringum íbúðarhúsnæðismarkaðinn eiga í kröggum, og á þeim markaði ríkir mikil óvissa, segir Finnbjörn og er ósáttur við framkomu bankanna sem nú hafa nánast lokað fyrir allar lánveitingar til byggingar íbúðarhúsnæðis.

– Það er enginn samdráttur í farvatninu hjá okkur en verkefnastaðan er góð og allt útlit fyrir að svo verði áfram, segir Loftur Árnason forstjóri Ístaks, og bætir við að þau verkefni sem eru í hendi gefi ekki tilefni til annars en bjartsýni um að fyrirtækið haldi fullum dampi næstu 12–18 mánuði. Nú starfa um 750 manns hjá Ístaki. – Mörg stór verkefni bíða og ég efa ekki að við hreppum einhver þeirra, segir Loftur sem bíður meðal annars

spenntur eftir að Sundabraut komi í útboð. Aðspurður um starfsmannaveiltuna segir hann að hún sé ekki mikil og neitar því að þeir hjá Ístaki bíði eftir því að hreyfing komist á íslenska vinnurmarkaðinn þannig að meira framboð verði af íslenskum iðnaðarmönnum.

– Flestir þeir erlendu starfsmenn sem hingað hafa komið á undanfögnu árum eru ágætis fagmenn og harðduglegir til vinnu, en því miður fylgja erlendu vinnuafli ákveðin vandamál sem tengjast tungumálinu, og að auki eru íslenskir iðnaðarmenn öllum hnútum kunnugir í íslenskum byggingariðnaði og þeim aðferðum sem beitt er hér á landi. Það er kostur sem við horfum til, segir forstjóri Ístaks sem er langt í frá svartstýning um framtíð íslensks byggingariðnaðar.

– Allavega þurfum við ekki að kvíða framtíðinni hjá okkur, segir hann og leggur áherslu á að Ístak sé stórt verktakafyrirtæki með fjölbreytta starfsemi og margar stöðir að standa á.

Ris í góðum málum

– Við erum með næg verkefni næstu tólf mánuði, lengra sjáum við ekki,

en höldum að sú kreppa sem herjar á byggingariðnaðinn um þessar mundir vari stutt. Við vitum af ýmsum verkefnum í pípunum, segir Magnús Jónsson framkvæmdastjóri Riss, en það fyrirtæki er umfangsmikið í byggingu atvinnuhúsnæðis og hefur verið nokkra hríð. – Ég þakka nú reyndar fyrir að við skulum ekki vera mikið í því að byggja íbúðarhúsnæði, og get vel ímyndað mér að þeir sem hafa sérhæft sig í því eigi í vandræðum. Magnús segir að helmingur starfsmanna hjá Ris séu útlendingar. Hann deilir þeirri ósk með forstjóra Ístaks að sá samdráttur sem á sér stað á íslenska byggingarmarkaðnum leiði til aukins framboðs af íslenskum iðnaðarmönnum.

– Okkur er engin launung á því að við viljum frekar manna vinnustaði okkar með íslenskum iðnarmönnum. Þar með er ég ekki að segja að þeir sem koma erlendis frá séu slæmur vinnukraftur, en því fylgja hins vegar margvísleg vandamál að byggja reksturinn á erlendu vinnuafli, segir Magnús og nefnir eins og Loftur að tungumálaörðugleikar séu mesti vandinn. Hann segist þess fullviss að byggingarmenn á Íslandi þurfi ekki að kvíða atvinnuleysi í nánustu framtíð.



Borgarholtsskóli



Iðnskólinn í Hafnarfirði



Hagræðing hjá BYGG

– Við höfum brugðist við þessu ástandi með því að hagræða hjá okkur, og flutt mannskap í þau verk sem gefa eitthvað af sér. Við ætlum að reyna að halda öllum okkar mannskap en það er ljóst að við fækkum þeim undirverktökum sem hafa unnið fyrir okkur á undanförunum árum, segir Konráð Sigurðsson sviðsstjóri framkvæmda hjá Byggingafélagi Gylfa og Gunnars.

Fyrirtækið hefur verið umfangsmikið á íbúðarmarkaðnum á undanförunum árum og að sögn Konráðs á fyrirtækið talsvert af óseldum íbúðum.

– Við lifum þetta af. Það er ljóst að stjórnvöld verða að grípa í taumana og skapa aðstæður til að hleypa aftur lífi í þennan iðnað. Þúsundir manna hafa lifibrauð sitt af því að byggja og selja íbúðarhúsnæði og það er ekki hægt að búa við það að skrúfað sé fyrir fjármagn til þessa hluta byggingariðnaðarins, segir Konráð og bætir við að BYGG eigi mikið af lóðum og landi til að byggja á og að verkáætlanir þeirra næstu 10–15 árin gangi út á að nýta þessar lóðir og land til að byggja á íbúðarhúsnæði í framtíðinni.

Konráð segir að samdráttur í byggingariðnaðinum birtist ekki síst í því þessa dagana að nú sé hægt að fá menn til starfa. – Fyrir bara nokkrum mánuðum var ekkert framboð af vinnuafli. Nú er öldin önnur, og stöðugt áreiti frá mönnum sem vilja komast í vinnu, segir Konráð sem neitar því ekki að þetta sé á vissan hátt ákjósanleg staða fyrir fyrirtækin. – Nú er nóg framboð af hæfum mönnum og það léttir reksturinn, segir hann.

Ljós í myrkrinu

Samtök iðnaðarins stóðu nýlega fyrir fundi um ástand og horfur í byggingariðnaði. Á fundinum kom fram í ræðum frummælenda að þrátt fyrir dökkt útlit nú um stundir væri ljós í myrkrinu og voru menn sammála um að með skynsamlegum aðgerðum væri hægt að hafa áhrif á framtíðarhorfur í starfsgreininni.

Bjarni Már Gylfason hagfræðingur SI benti á að byggingariðnaðurinn hefði

vaxið gríðarlega hratt á 3–4 árum. Margir samhangandi þættir hefðu valdið þessari þenslu en fyrst og fremst greiður aðgangur að ódýru lánsfé. Í ljósi þess hvað greinin var orðin stór yrði höggð nokkuð þungt ef kemur til alvarlegrar niðursveiflu. – Það er borðliggjandi að hér er offramboð af íbúðarhúsnæði, sagði hann og bætti við að líklegt væri að fasteignamarkaðurinn þyrfti að éta upp offramleiðslu síðustu ára áður enn hann næði sér á strik á ný. Bjarni telur að það taki 1–2 ár og á því tímabili lækki íbúðarverð.

Verðlækkun

Í vorskýrslu hagdeildar ASÍ frá í maí er fjallað nokkuð um stöðu á íbúðarhúsnæðismarkaðnum og segir þar meðal annars:

„Mikið framboð á ódýru lánsfé samhliða kerfisbreytingu á íbúðalánamarkaði, vaxandi kaupgetu og fjölgun landsmanna hefur á undanförunum árum aukið eftirspurn og ýtt undir mikla fjárfestingu í íbúðarhúsnæði. Á árunum 2004–2007 voru samtals byggðar 12 þús. nýjar íbúðir en til samanburðar voru á tíu árum þar á undan byggðar um 16 þús. íbúðir. Flest bendir til þess að enn sé

töluvert af íbúðarhúsnæði í byggingu sem komi á markaðinn síðar á þessu ári og því næsta. Framboð á nýju húsnæði er því mjög mikið um þessar mundir á sama tíma og verulega hefur dregið úr eftirspurn.

Ýmis merki hafa sést um samdrátt á fasteignamarkaði undanfarna mánuði, fáum kaupsamningum hefur verið þinglýst og verð á húsnæði lækkaði lítillega bæði í febrúar- og marsmánuði.

Versnandi aðgengi heimila að lánsfé til íbúðakaupa, hækkandi vextir og aukin greiðslubyrði ásamt minnkandi kaupgetu og minni fólksfjölgun eru allt þættir sem draga úr eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði.

Mikið framboð á húsnæði samhliða lítilli eftirspurn og erfiðri rekstrarstöðu byggingaverktaka mun knýja fram verðlækkun á íbúðarhúsnæði. Hagdeildin gerir ráð fyrir því að raunvirði húsnæðis lækki um 20–25% á næstu þremur árum. Horfur eru á að samdráttur í íbúðafjárfestingum verði sá mesti síðan um miðjan níunda áratuginn. Mjög erfitt er að fjármagna byggingarframkvæmdir um þessar mundir og dæmi eru um að úthlutuðum lóðum hafi verið skilað inn vegna fjármögnunarerfiðleika. Við spáum því að fjárfesting í íbúðarhúsnæði standi í stað á þessu ári en dragist saman um 12% á því næsta og um 10% árið 2010.“



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Við bjóðum fullkonnustu heyrnartækin frá danska framleiðandanum ReSound

- * Hágæða heyrnartæki með vindvörn
- * Fyrstu hlaðanlegu heyrnartækin
- * Einföld og þægileg í notkun



Tímarpantanir í síma 534-9600

- * Heyrnarþjónusta
- * Heyrnarmælingar
- * Heyrnartæki
- * Ráðgjöf



AZURE EFLIR HEYRN Á EÐLILEGAN HÁTT

Azure er nýjasta og háþróaðasta heyrnartæki sem ReSound framleiðir.

Hugmyndin að baki Azure heyrnartækinu er að heyrn með því verði eins eðlileg og frekast er unnt. Kristaltær tónn án takmarkana og ama fyrir notandann - rétt eins og hann á að vera.

Azure flokkar ekki það sem notandinn fær að heyra og takmörkuð stærð tölvuforrita afmarkar ekki hljóðvinnslu þess.

Nánari upplýsingar á www.heyrn.is

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11. 201 Kópavogur. Sími 534 9600. netf: heyrn@heyrn.is

Pípað á heimsmeistaramóti í Japan

Árni Már Heimisson pípari
tók þátt í heimsmeistaramóti
iðnnema í Japan: – Óborganleg
lífsreynsla

– Þetta var algert æði, upplifun sem ég hefði alls ekki viljað missa af. Þar að auki er ég margfalt betri fagmaður núna en þegar fór í þessa keppni, segir Árni Már Heimisson pípulagnasveinn en hann tók þátt í heimsmeistaramóti iðnnema í bænum Numazu í Japan í nóvember í fyrra, nokkru fyrir sveinsprófið.

– Þetta kom þannig til að ég sigraði á Íslandsmóti iðnnema í pípulögnum sem hér var haldið árið 2006. Það gaf mér keppnisrétt á Norðurlandamóti iðnnema sem fór fram í Málmhaugum í Svíþjóð ári síðar og þar fór ég með sigur af hólmi, segir Árni sem er fyrsti íslenski pípariðnneminn sem vinnur Norðurlandamót.

Lengi hefur tíðkast að iðnnemar víðsvegar úr heiminum reyni með sér á slíkum mótum en Íslendingar hafa verið nokkuð á eftir í þessum efnum. Á undanförunum árum hefur áhugi á slíkri keppni þó aukist hérlandis og nú eru árlega haldin iðnnemamót þar sem nemar reyna með sér.

– Það er ekki spurning að þetta á rétt á sér, segir Árni Már. – Þegar ég frétti fyrst af svona móti hér var ég ákveðinn að taka þátt í því og byrjaði strax að undirbúa mig. Ef maður ætlar að vera með á svona móti er nauðsynlegt að temja sér strax vönduð vinnubrögð. Auk þess verður að taka frá tíma til æfinga.

Þetta skilar sér þegar út á vettvanginn er komið, segir Árni sem býr að þeirri reynslu sem hann hlaut í Japan og þeirri miklu undirbúningsvinnu sem hann vann fyrir mótið.

– Því miður dróst alltof lengi að fá endanlega á hreint hvort ég kæmist á heimsmeistaramótið. Það kallar á nokkuð mikil útgjöld að taka þátt



í svonalöguðu. Þótt keppandinn sé bara einn er hver keppandi með aðstoðarmenn. Fyrstu hugmyndirnar gengu út á að taka þátt í mótinu sem gestaþjóð en síðan dattu Portúgalar út, það losnaði pláss og við skelltum okkur eftir að menntamálaráðuneytið ákvað að styðja við bakið á okkur. Meistarafélag pípulagningarmanna stóð í eldlínunni við undirbúninginn og fulltrúi þeirra var með í för. Einnig komu að málum Iða – fræðslumiðstöð sem sendi mann til að fylgjast með og kynna sér svona keppni. Síðan komu með mér fyrrverandi vinnuveitandi minn, Hjörtur Ingþórsson, og

Smári Freyr Smáráson og Árni Már Heimisson á keppnissvæðinu í Numazu þar sem pípararnir reyndu með sér.

Árni Már Heimisson pípulagnasveinn hvetur iðnnema til að taka þátt í mótum. Hann segir að það hafi gefið sér mikið.





Keppandinn Árni Már Heimisson og þjálfarinn Smári Freyr Smárason við setningarathöfn heimsmeistaramótsins.

Smári Freyr Smárason, sem ég kalla þjálfarann minn. Þessir menn studdu mig gríðarlega í undirbúningnum. Auk afa sem er málmíðnaðarmaður og kenndi mér margt um logsuðu áður en ég fór. Það veitti ekki af öllum þessum stuðningi því þetta er mikið


álág, fjögurra daga keppni og hörku-djobb. Það var byrjað eldsnemma á morgnana og verið að langt fram á dag, segir Árni sem gat lítið litast um í Japan en komst þó einn dag inn til Tókýó.

Heimsmeistaramót iðngreina er meira en hálfra aldar gamalt fyrirbæri og fer fram annað hvert ár. Að sögn Árna er er keppt í fjölmörgum iðngreinum.

– Við komumst aldrei að því hvað það var keppt í mörgum greinum en keppendurnir skiptu hundruðum. Þar af börðust 26 um heimsmeistaratígn í pípulögnum, segir Árni, en lyktir hjá honum urðu þær að falla á tíma, tókst ekki að ljúka verkefninu á þeim tíma sem tilskilinn var.

– Við vissum fyrirfram að þarna var verið að keppa í þeim hluta fagsins sem er nánast óþekktar hér á landi. Það var mikið lagt uppúr færni við hitabeygja rör, fylla þau af sandi og og hita þau síðan og beygja. Þetta þekktist varla hér. Einnig þurftum við að eyða miklu púðri í að silfurkeikja og logsjóða. Þá fólst einn hluti keppninnar í að leggja skolplagnir.

– Efstu menn voru allir frá Asíu og það kom á daginn að þessir piltar höfðu ekkert gert annað síðustu tvö ár en að undirbúa sig fyrir þetta mót, með góðum stuðningi frá vinnuveitendum sínum. Þannig kom sigurvegarinn frá Suður-Kóreu og var starfsmaður Hyundai-samsteypunnar, segir Árni sem er stoltur af því að hafa komist á þetta mót þótt árangurinn hafi ekki orðið sá sem hann vænti. – Ég vona bara að Íslendingar haldi áfram að taka þátt í þessu, þótt það kosti sitt. Faglega höfum við gott af því að bera okkur saman við aðrar þjóðir og þetta skilar sér bæði í betri fagþekkingu og auknum metnaði íslenskra iðnnema, segir Árni Már Heimisson pípari sem leikur sér að því þegar það hentar honum að hitabeygja rör, sem má meðal annars nýta sem handklæðaofn, milli þess að hann er á fullu í sinni iðngrein.



*Íslenskt atvinnulíf er í sífelltri þróun.
Vel menntað starfsfólk á öllum sviðum er
grundvöllur áframhaldandi uppbyggingar.*

Iðnaðarmannadeild AFLs Starfsgreinafélags



asa@asa.is | www.asa.is | Sími 470 0300



Bílasmiðja
Sigurbjörns
Kársnesbraut 102
Kópavogi

Á háum mel í nánd við Hágöngur, Arnarfell
hið mikla í baksýn. Þannig hljóðar texti
Jóns við þessa mynd.

Sprengisandur ekinn í fyrsta sinn fyrir 75 árum

„Það var hellirigning er við ókum inn Laugavegin og út úr bænum. Við vorum í regnkápum, með sjóhatta á höfðum, auk þess höfðum við spennta yfir okkur eina heljarmikla risa-regnhlíf. Sáum þó fljótt að ekki hentaði að hafa hana uppi er bíllinn var á ferð. Það var ekki að furða þó mörgum árrisulur borgarbúa yrði starsýnt á för okkar. ... Þrátt fyrir rigninguna leggst ferðin vel í okkur, við erum í besta skapi og þegar enn herðir á rigningunni í Svínahrauni varð einhverjum að orði: Varla er hann verri á Sprengisandi.“

Úr dagbók Jóns V. Víðis landmælingamanns

Um þessar mundir eru liðin 75 ár frá því fjórir ofurhugar lögðu í eina sögufrægustu ökuferð sem farin hefur verið á Íslandi. Leiðin lá yfir Sprengisand, sem á þessum árum var einungis fær gangandi eða ríðandi ferðamönnum.

Ferðin hófst 14. ágúst í Reykjavík árið 1933. Ökumaður var Sigurður Jónsson frá Laug og aðrir ferðalangar Einar Magnússon menntaskólakennari og síðar rektor MR, Valdimar Sveinbjörnsson íþróttakennari og Jón V. Víðis landmælingarmaður, og er það honum að þakka að þessi ferð lifir enn góðu lífi því hann var iðinn við að færa dagbók og taka ljósmyndir í ferðinni. Þeir félagar tóku sér þrjú ár í að undirbúa þessa ferð og höfðu meðal annars ekið hluta leiðarinnar

áður til að kanna aðstæður og grafa niður bensínbirgðir.

Farkosturinn var Ford T, árgerð 1927. Látum Jón fá orðið: „Hræddur er ég um að nútímafólki þætti bíllinn sem notaður var í ferðina heldur óöruggur og illa búinn, svo ég nefni nú ekki kraftleysið, nú eða húsleysið. Ekki var kominn girrkassi í þetta módel, heldur var hann búinn svo kölluðum „low“- og „high“-hraðaskiptibúnaði, sem bilaði oft á leiðinni. Á morgnana var bíllinn oft tregur í gang og þurfti Sigurður bílstjóri þá að „snapsa“ bíllinn til þess að hann lifnaði við. Töluverðar bensínbirgðir þurfti til þess að komast á milli byggða, því bíllinn eyddi að meðaltali 75 lítrum á hundraðið í ferðinni. Aðeins voru 15 lítrar eftir þegar



Tekist á við Tungnaá. Ekki var annað þorandi en að hafa kaðla bundna í bíllinn þegar honum var ekið niður á ferjustæðið sökum þess hvað bremsurnar voru lélegar. Á myndinni til hægri hefur tekist að koma bílnum, sem vó hátt í þrjú hundruð kíló, um borð í ferjubátinn. Bíllinn var breiðari en báturinn og var því settur planki þvert yfir bátinn undir afturdekkinn þar sem annað þeirra stóð út af.



Heimilisfólkið á Mýri í Bárðardal skoðar hér farkost þeirra féлага.


komið var að bensínstöð í byggð norðanlands,“ segir Jón meðal annars um fararskjótann.

Líklega hefur ferðin yfir Tungnaá verið erfiðasti farartálminn. Ferðafélagarnir ferjuðu bílinn yfir það fljót í ferjubáti sem var svo mjór að eitt hjól bílsins stóð út fyrir borðstokkinn. Þá settu þeir bara planku þversum yfir bátinn út fyrir borðstokkinn til þess að láta hjólið standa á honum. Allt gekk þetta að óskum enda höfðu þeir árið áður kannað aðstæður og farið með bílinn yfir og til baka það ár.

Samkvæmt dagbók Jóns gekk ferðin að mestu áfallalaust en ferðalangar lentu þó í hríð á norðanverðum Sprengisandi, svo mikilli að þeir urðu að aka eftir kompas og ganga á undan bílnum til þess að finna leiðina sem fara skyldi.

Segja má að ferðinni hafi lokið þegar þeir félagar náðu út að Fosshól í Bárðardal síðla nætur 21. ágúst eftir sjö daga ævintýraför yfir hálendið. Þá höfðu þeir lagt að baki 285 kílómetra frá því þeir yfirgáfu byggð sunnanlands.

Næst þegar menn þeysa yfir Spengisand á fjórhjóladrifnum lúxus-jepnum ættu þeir að hugsa til Jóns og féлага á hinum óyfirbyggða Ford T fyrir 75 árum.



Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-,
snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.
Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Áratuga reynsla stjórnbúnaðar
við íslenskar hitaveituaðstæður.

Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á
stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.



Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Vinnuaðstaðan er til fyrirmyndar.



Stoltur forstöðumaður með skóflu – alltaf að taka til.

Vel byggt þjónustuhús

Þegar tíðindamaður Samiðnarblaðsins frétti að þrjú erlend arkitektatímarið væru búin að birta greinar um nýja þjónustuhúsið í Gufuneskirkjugarði fannst honum að hann mætti ekki láta sitt eftir liggja og tók hús á Heimi Janusarsyni garðyrkjufræðingi, forstöðumanni garðsins, til að líta á herlegheitin. Eftir að hafa skoðað húsið með Heimi er ljóst að hinir erlendu gestir hafa ekki farið erindisleysu. Húsið er glæsilegt í alla staði, bæði sem hönnunarverk og ekki síður fyrir góð vinnubrögð þeirra mörgu iðnarmanna sem þar hafa komið að málum. Heimir er hestánægður með hina nýju vinnuaðstöðu og segir að þetta sé örugglega besta vinnuaðstaða sem nokkur garðyrkjumaður býr við á Íslandi, og þótt víðar væri leitað.

Það er gaman til þess að vita að til eru



Pípulagnir eru til fyrirmyndar, sem og önnur vinna fagmanna við húsið, að minnsta kosti eins og hún blasir við leikmönnum.



Heimir efast um að nokkrir garðyrkjumenn búi við jafngóða vinnuaðstöðu og þeir sem nú starfa í Gufunesgarði. Hver þeirra hefur tvöfaldað fataskáp. Þvottavél er á staðnum og ýmislegt fleira sem gerir garðinn eftirsóttan sem vinnustað.


þeir aðilar hér á landi sem leggja metnað sinn í að byggja vel hönnuð hús. Þótt það kosti að efnahagsreikningurinn líti ekki eins vel út fyrst á eftir, en þau vinnubrögð margborga sig oftast til lengdar. Í Grafarvoginum má nú sjá glæsilegan afrakstur slíks metnaðar.



Rafbílageymslan er rúmgóð.




Skrifstofuaðstaða forstöðumanns er í alrými.



Veggur í fundarherbergi þjónustuhússins er listaverk eftir tvær listakonur sem kalla sig Berghall en fyrirmyndina sóttu þær í holtið þar sem hús stendur.



Húsið teiknuðu kvenarkitektar á arkitektastofunni Arkibúllunni. Þær unnu samkeppni sem efnit var til um húsið og aðrar byggingar sem rísa eiga á staðnum, svo sem kapellu og líkbrensluhús. Að sögn Heimis eiga garðyrkjumenn heiðurinn af grjóthleðslunni sem prýðir húsið.



Tækniskólinn 
skóli atvinnulífsins

Nútíma nám

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík. Tækniskólinn býður upp á öflugt nám til stúdentsprófs þar sem fjölbreytt úrval tækni- og iðnmenntunar er einnig í boði. Innan skólans eru ellefu skólar, hver með sitt sérsvið, sem saman mynda einn öflugasta framhaldsskóla landsins.



Sá sem bjargar einu barni bjargar mannkyninu

Spes-samtökin eru alþjóðlegur félagsskapur fólks sem hefur það að markmiði að bæta lífsskilyrði barna sem búa við erfiðar aðstæður, eru mörg hver munaðarlaus og hafa fáa möguleika í lífinu. Í mörgum tilvikum er það jafnvel svo að möguleikar þeirra á að halda lífi fram á fullorðinsár eru takmarkaðir. Tilgangur og markmið samtakanna endurspeglast að nokkru leyti í nafninu, en Spes er latneskt orð sem þýðir von á íslensku. Tilgangurinn birtist jafnframt í einkunnarorðum samtakanna, en þau eru: Sá sem bjargar einu barni bjargar mannkyninu. Njörður P. Njarðvík, prófessor emeritus, er stofnandi og forvígismaður samtakanna, ásamt konu sinni Beru Þórisdóttur og fleiri hjónum. Við ræddum við Njörð á heimili hans nýverið og spurðum fyrst um það hvernig Spes hefði komið til.

„Þetta byrjaði þannig að við hjónin fórum fyrst til Afríku árið 1998. Við fórum þá til þriggja landa, Kamerúns, Tógós og Fílabeinsstrandarinnar. Í Tógó kynntumst við svolitlum hópi af fólki, en einkum og sér í lagi hjónum sem við bjuggum hjá. Hann er Tógómaður en konan frönsk. Við fórum að spjalla saman um að ástandið væri slæmt og hvort við gætum prófað að gera eitthvað. Þetta hófst þannig fyrir hálfgerða tilviljun. Síðan eigum við hjónin vinahjón í Lyon í Frakklandi, sem ólust upp í Senegal. Það voru því þessi þrenn hjón sem þróuðu hugmyndina um Spes áfram og undirbjuggu stofnun samtakanna, en við vorum síðan tólf sem byrjuðum. Það má því segja að samtökin hafi orðið til fyrir tilviljun, en þannig gerast nú oft hlutirnir í lífinu.“

350 manna vígsluathöfn

Undirbúningi stofnunarinnar fylgdi mikil skrifinnaska. Samtökin eru alþjóðleg, starfa eftir frönskum lögum og hafa aðsetur í París. Félagið var stofnað árið 2000, þannig að meðgangurinn var frá 1998. Samtökin þurftu síðan að fá leyfi til að starfa í Tógó. „Þetta er ekki þannig að hver sem er geti komið og sagt: Hér er ég – hvar eru börnin?“ segir Njörður. „Sem betur fer. Þegar við vorum búin að fá leyfi til að starfa, þá fórum við að velta fyrir okkur hvernig við ættum að byrja. Við komumst fljótlega á þá skoðun að það þýddi lítið að fara að leita til fólks og fara fram á fjárstuðning fyrir börn út á eitthvað sem við ætluðum að gera. Við yrðum að byrja á að sýna eitthvað.“

Þess vegna brugðum við á það ráð að taka á leigu lítið einbýlishús í Lomé, höfuðborg Tógós. Við byrjuðum þar með átta börn í apríl 2001.



Njörður P. Njarðvík er stofnandi og forvígismaður samtakanna ásamt konu sinni Beru Þórisdóttur og fleiri hjónum.

Við ákváðum að hafa litla vígsluathöfn og létum boð út ganga í hverfinu um hvort fólk vildi ekki koma og samgledjast okkur.“

Það komu 350 manns. Þetta vakti mikla athygli og það var fjallað um þetta í blöðum í Tógó. „Þremur dögum síðar vorum við kölluð fyrir þáverandi forseta landsins. Hann vildi vita hvaða fólk væri hér á ferð og hvað við ætluðum okkur. Þá sögðum við honum að við værum að semja um að kaupa lóð til að byggja framtíðarheimili. Þegar hér var komið stoppaði hann mig og sagði nei! Ef þið ætlið að fara að hjálpa börnunum okkar, þá er það minnsta sem við getum gert að láta ykkur hafa lóð til að byggja á. Ég vissi ekki hvernig ætti að taka þessu – hvort við ættum að taka þessu alvarlega.“

Tveggja metra varnarmúrar

Þremur mánuðum síðar barst bréf þar sem tilkynnt var um úthlutun hálf hektara í úthverfi Lomé. Þá var maður byrjaður að byggja þarna í leyfisleysi. Hann var búinn að steypa sökkul og reisa vegg. Það var ákveðið að ganga til samninga við hann og honum var greitt það sem hann hafði lagt út og síðan var lokið við húsið. „Áður en menn hefjast handa við að byggja hús þurfa þeir að reisa tveggja metra háan múr umhverfis svæðið sem þeir ætla að byggja á. Þetta er heilmikil framkvæmd og kostar talsvert fé. Múrin er fyrst og fremst í öryggisskyni.“

Lokið var við að byggja þetta fyrsta

hús og þangað var flutt með 20 börn í október 2003. Þá var hægt að bæta við 10 börnum, því það gátu verið 30 börn í þessu húsi. „Við fengum síðan til liðs við okkur tógóskan arkitekt til að skipuleggja með okkur svæðið. Hann vildi hafa til hliðsjónar hefðbundinn arkitektúr þeirra frá miðöldum – hálfgerturnhús. Þetta eru dálítill dýrari hús en ef við reistum bara ferkantaða kassa, en þau eru um leið miklu fallegri.“ Að sögn Njarðar hafa nú verið reist sjö hús á svæðinu og börnin orðin 87 á þessum tiltölulega stutta tíma.

Varð til á skrifstofu í Evrópu

Tógó er með fátækari löndum í Afríku, ekki þó það allra fátækasta. Meðaltekjur manna eru sem svarar einum dollar á dag, 360 dollarar á ári. Það er ekki hungur, ef menn hafa smá-blett, þá geta þeir ræktað. Það er því talsverður sjálfsþurftarbúskapur í landinu. Ástandið er verst í borgunum, eins og annars staðar í Afríku. Fólk sækir í borgirnar og það er um 40% atvinnuleysi. Sumir hafa hænur eða geitur og rækta ávexti. „Bestu ávextir sem ég hef bragðað eru ávextirnir í Tógó. Fólk þarf ekki mikið. Þarna fer hiti yfirleitt ekki niður fyrir 27 gráður yfir nóttina og það er jafn hiti allt árið. Það eru tvö regntímabil og það eru ekki þurrkar í Tógó. Þar eru hins vegar ekki náttúruauðæfi. Það eina sem flokkast þannig er fosfat, sem er notað í tilbúinn áburð. Það er flutt úr landi og unnið annars staðar. Síðan rækta menn badmull, kaffi,

kakó og ávexti. Þarna búa um 6 milljónir og landið er 56 þúsund ferkílómetrar, langt og mjótt, um helmingur af flatarmáli Íslands. Eins og mörg önnur lönd er það búið til á skrifstofu í Evrópu. Landið var helmingi stærra, þýsk nýlenda, en þegar Þjóðverjar misstu allar nýlendur sínar í stríðslok árið 1918 skiptu Frakkar og Bretar landinu með reglustiku. Þetta er fransk hlutinn. Það sem þeir hugsuðu aldrei um er að heimasvæði þjóðanna liggja ekki frá norðri til suðurs heldur frá austri til vesturs. Syðst í landinu er þjóð sem býr í fjórum ríkjum, talar sama tungumál og hefur líka menningu. Í miðju Tógó eru hásléttur og þar býr annað fólk og í norðurhlutanum eru savannahéruð. Í Tógó eru fimm meginþjóðflokkar. Fólk í norðurhluta Tógó og í suðurhlutanum skilur ekki hvort annað og talar frönsku sín á milli. Ættflokkarnir hafa mikil áhrif í stjórnárum, en það er ekki ófriður á milli manna.“

Í Tógó var fyrsta valdaránið frammið 1963, tveimur árum eftir að landið fékk sjálfstæði. Núna er þarna lýðræðisleg stjórn. Forsetinn er kosinn beinni kosningu, eins og í Bandaríkjunum. Það er algjör aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Forseti skipar ríkisstjórn og ráðherra má ekki sitja á þingi. Á þinginu urðu mikil umskipti í kosningum í október í fyrra. Nú eru einungis þrjú flokkar á þingi en höfðu verið margir og mörg flokksbrot og núna er stjórnástandið tiltölulega stöðugt.

Félagið hefur forræði yfir börnunum

Fljótlega var stofnað dótturfélag Spes í Tógó. Félagið vinnur á sama grundvelli og önnur Spes-félög, öll vinna er sjálboðavinna og þátttakandinn greiðir allan kostnað af þátttöku sinni í starfinu. Dótturfélagið var ekki síst stofnað til að geta gengið frá forræði barnanna heima í Tógó, því öll börnin sem dvelja hjá Spes eru á forræði samtakanna. Þegar nýtt barn kemur er gengið formlega frá því við félagsmálayfirvöld í Tógó að samtökin fái forræði yfir barninu. Þau eru ekki öll munaðarlaus, sum eiga móður eða föður sem hefur ekki tök á að sjá fyrir þeim af einhverjum ástæðum. Að sögn Njarðar er talsvert um kynferðislega misnotkun í Tógó eins og víðar og stundum verða mjög ungar stúlkur barnshafandi án þess að hafa líkamlegan eða andlegan þroska til þess. Meðganga og fæðing fara oft mjög illa með þessar ungu stúlkur og þær ráða ekki við að sjá um börn. Þeim er oft útskúfað. Algengt er að konur deyi af barnsförum. Svo var um þriggja barna móður fyrir nokkru og faðirinn missti konuna sína og var einn eftir með fjögur börn. Þau eru öll hjá Spes núna. Þegar annað foreldra er á lífi er flutningur forræðis til Spes gerður með samþykki foreldris, sem skrifar undir pappíra þess efnis. „Í sumum tilvikum halda foreldrar sambandi við barnið eftir að það kemur til okkar. Við höfum ekkert á móti því, síður en svo. Við viljum hafa samskipti barnanna við aðra, utan veggja Spes, sem mest og best. Við viljum ekki að þetta sé lokað stofnun eins og víða er, þar sem allt fer fram innan veggja stofnunarinnar. Strax og börnin hafa aldur til fara þau á leikskóla með öðrum börnum. Þegar þau eru komin á skólaaldur fara þau í barnaskóla í hverfinu. Allt frá því að börnin okkar fóru að sækja barnaskólann höfum við stutt hann. Til þess liggja tvær ástæður. Önnur er sú að með öllum þessum börnum aukum við á byrði skólans. Hins vegar er okkur umhugað um að skólinn verði eins góður og hægt er.“

Bæta ástandið í grunnskólanum

Njörður segir skólann í hverfinu hafa verið í slæmu ástandi. Byrjað hafi verið á því



áð hjálpa til við að reisa múr umhverfis skólann, ekki síst til að koma í veg fyrir að börnum sé hreinlega stolið. Í Tógó er stolið um 2000 börnum á ári, kerfisbundið. Þau eru síðan flutt úr landi. Þess eru dæmi að börnum hafi verið stolið úr þessum skóla. Síðan var rætt við skólalstjóra, kennara og foreldra barnanna í skólanum og spurt hvað kæmi að bestum notum fyrir skólann. „Það fyrsta sem þau nefndu var rafmagn. Síðan sömdum við um að við sæjum um að leggja rafmagnið, en þau tækju síðan við. Við viljum að fólk þið leggi eitthvað fram líka. Við gáfum þeim 200 borð og skóla og reistum hús með þremur skólaföllum. Í Tógó byggja sveitarfélögin skólana en ríkið greiðir kennurum. Um leið og við vorum búin að byggja þrjár stofur komu þrjár nýir kennarar. Þá fækkaði börnum í hverjum bekk en í fyrsta bekk eru þó ennþá næstum 100 börn í bekkjardeild. Nú ætlum við að reisa á þessu ári og næsta sex nýjar stofur. Í þetta verkefni setjum við 60.000 evrur. Þetta er auðvitað að hluta til stuðningur við okkar börn, en samfélagið allt nýtur góðs af því og samtökin njóta mikillar velvildar vegna þessa. Það hefur komið upp umræða um að setja börnin í einkaskóla, en við höfum viljað að þau færu í almenna skóla. Það er hluti af því að þau séu þátttakendur í samfélaginu og aðlagist, því hjá okkur verða þau ekki til eilífdar.“

Hvað eru börnin gömul sem hjá ykkur eru?

„Elsta barnið er að verða 13 ára. Í byrjun tókum við einungis börn undir þriggja ára aldri, en höfum stundum vikið frá því, til dæmis þegar um systkin er að ræða. Nýlega tókum við á móti fjórum systkinum þar sem það elsta var sex ára. Við erum með samning við barnalækni sem kemur á hverjum laugardegi, annaðhvort hann eða aðstoðarfólk. Síðan höfum við samning við barnasálfræðing sem er tvisvar sinnum hálfan dag í viku.

Þegar börnin eldast vakna alls kyns spurningar – af hverju er ég hér? Öll hafa þessi börn átt erfiða byrjun í lífinu. Okkur finnst skipta máli að geta brugðist við þessum spurningum og aðstæðum sem upp kunna að koma af kunnáttu og fagmennsku.“

Mikill hluti teknanna frá Íslandi

Eins og fram hefur komið eru börnin nú 87 og 36 þeirra eiga íslenska styrktarforeldra. Þótt samtökin séu alþjóðleg er stór hluti teknanna frá Íslandi. Tekjur síðasta árs voru um 450 þúsund evrur og þar af komu um 325 þúsund frá Íslandi. Samtökin hafa notið mikils velvilja margra íslenskra fyrirtækja, samtaka og einstaklinga, eins og fram kemur á heimasíðu þeirra, www.spes.is. „Það var þar að gifta sig nýverið, þau báðust undan gjöfum en báðu fólk um að gefa Spes. Þetta voru 400 þúsund krónur. Skólakrakkar á Austurlandi gáfu okkur 100 þúsund, þannig að það er margt hægt að gera og velviljinn er mikill.“

Auk þessara fjármuna kemur fé úr styrktarmannakerfinu. Síðan hafa samtökin í sumum tilvikum gert samstarfssamninga við Þróunarsamvinnustofnun um afmörkuð verkefni. „Þeir hafa borgað helming í húsi og við höfum sent þeim nákvæma reikninga fyrir kostnaði við húsið. Húsin eru boðin út í upphafi, hvert svefnhúsi sem er fyrir 25–30 börn kostar um 77 þúsund evrur.“

En hvornig er styrktarmannakerfið?

„Það kostar 77 evrur á mánuði að vera styrktarforeldri, en það er talsvert meira en í flestum öðrum samtökum sem starfa á sambærilegum vettvangi. Sveiflur á gengi krónunnar hafa því mikil áhrif hér á landi og þróunin undanfarið er áfall fyrir okkur og fyrir styrktarforeldra. Þetta eru um 9000 krónur á mánuði eins og gengið er núna. Af þessum 77 evrum fara 10 í menntunarsjóð barnsins. Þegar börnin fara frá okkur, um 18 ára aldur, hafa þau því ákveðinn höfuðstól til að mennta sig fyrir. Af því að við höfum ekki neina beina fyrirmynd að starfinu, heldur byggjum það að mestu leyti frá grunni, þá erum við ekki búin að skilgreina nákvæmlega hvað gerist þegar börnin verða 18 ára. Við erum að vinna að því að börnin eignist vinnufólkskyldu, líkt og gert er með flóttamenn hér, til að hjálpa þeim að aðlagast og sjáum fyrir okkur að svona



Félag
hársnyrtisveina
www.klipp.is



ÍÐAN
fræðslusetur

sambandi verði komið á þegar barn er 14 ára.“

Hvernig er sambandi styrktarforeldra við börnin háttáð?

„Við viljum að það sé samband á milli styrktarforeldra og barns, en það er allur gangur á því hvernig það gengur fyrir sig. Sumir fara í heimsókn, aðrir senda myndir og gjafir. Við getum ekki skipað fólki að fljúga til Tógó, en þess eru dæmi að styrktarforeldrar fljúgi þangað einu sinni á ári og við Bera hittum okkar strák tvisvar á ári. Hann kallar okkur pabba og mömmu, en yfirleitt kalla börnin styrktarforeldrana afa og ömmu.“

Þar sem samtökin hafa forræði yfir börnum hlýtur að vera gott samband við stjórnvöld.

„Já, félagsmálayfirvöld í Tógó hafa náð eftirlit með rekstri allra aðila sem starfa á þessu og skyldum sviðum, hjálparstofnunum og munaðarleysingjahælum. Þeir hafa lokað slíkum stofnunum. Við erum áfram um að þetta eftirlit sé virkt. Við höfum verið heppin með starfsfólk og við höfum lagt áherslu á að vera með fagfólk, til dæmis sálfræðing, sem er trúnaðarmaður barnanna. Ég er stundum spurður að því hvernig ég hafi fundið allt þetta fagfólk. Það var bara ekki þannig, fólkið fann mig. Þetta er yfirleitt menntað fólk, fólk sem við köllum hér millistéttafólk. Formaður Spes í Tógó er prófessor í lækisfræði og þarna er fyrrverandi aðstoðarbankastjóri, einn er lögfræðingur, annar fæðingarlæknir, félagsráðgjafi og fleira. Þetta er góður hópur.“

Ótengt trúarbrögðum

Spes er ótengt trúarbrögðum. Njörður er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt, ekki síst í ljósi þess að þrenn megintrúarbrögð eru í landinu. „Við lítum ekki á það sem hlutverk okkar að skipta okkur af því hvað börnin vilja trú á. Þessi hugmyndafræði var öll þróuð í samvinnu við heimamenn. Það er okkar grundvallarstefna að börnin verði góðir þegar á forsendum síns eigin lands og eigi að geta fengið menntun sem hugur þeirra og geta stendur til. Auðvitað gengur þeim misjafnlega vel í skóla, en það á að vera opið. Við tryggjum þeim aðgang að almennri menntun og síðan fara 10 evrur á mánuði í menntunarsjóðinn. Við

Spes-heimilið í Lomé sem tekur mið af forni tógóskri byggingarlist.



vitum eiginlega ekki almennilega hvað það dugar langt. Elsta barnið er ekki nema 13 ára. Við vitum ekki heldur hvað styrktarforeldrarnir vilja gera þegar barnið er orðið 18 ára. Vilja þeir hætta, eða vilja þeir halda áfram að styðja barnið?“

Njörður er spurður um næstu skref.

„Þegar við byrjuðum árið 2001 datt okkur ekki í hug að við yrðum komin svona langt sjö árum síðar. Við höfum ákveðið að láta peningana ráða hraðanum. Nú erum við komin á það stig að við erum komin langt með að fjármagna þorp númer tvö. Þar er stuðst við sömu teikningar og áður, þannig að verktakinn þekkir húsin sem hann er að byggja og er með 40 verkamenn í vinnu. Þetta á að geta gengið hratt. Við höfum fengið tilmæli um að fara til annarra landa, en höfum ekki enn tekið því. Þar hafa komið til greina Kamerún, þar sem við þekkjum fólk, og það hefur verið rétt við okkur um Senegal. Fjárhagslegar forsendur þar stóðust aftur á móti ekki. Það hefur verið rétt um Haítí, en ég hef verið hræddur við það. Það er í annarri heimsálfu og mikið mál að yfirfæra þetta módel þangað. Ég held að við einbeitum okkur að Tógó í nánustu framtíð.“

Sneri sér að barn-eignum fyrir alvöru

Það er að skilja á Nirði að hann vilji koma starfsemi í Tógó á fastari grundvöll, áður en farið er að huga að „útrás“. Atburðarásin hefur verið hröð og mun hraðari en forvígismennirnir áttu von á.

Dyrabjallan hringir. Dóttursonur þeirra hjóna er kominn, íklæddur KR-búningi og fer ekki með veggjum. Það er ljóst að hann er á heimavelli hjá afa og ömmu, ekki síður en á KR-vellinum sem

sést út um stofugluggann. Hann er nýbúinn að fá einkunnir í skólanum, eftir sjötta bekk, vitnisburðurinn óvenju glæsilegur. Þessum pilti standa greinilega margar dyr opnar.

Það er ljóst að til að taka þátt í þessu starfi þarf fólk að fórna ýmsu, ekki síst þeir sem eru í forystu. Það þarf sterkan vilja og mikinn áhuga á velferð barna. Þegar við spyrjum Njörð hvað hafi ýtt honum af stað segir hann: „Þegar ég fór á eftirlaun var ég stundum spurður að því hvað ég ætlaði að gera eftir að ég léti af störfum. Þá sagði ég stundum að

nú ætlaði ég fyrir alvöru að snúa mér að barneignum.“ Kjörorð samtakanna, Sá sem bjargar einu barni bjargar mannkyninu, segja meira en mörg orð. „Ef allir gerðu þetta,“ segir Njörður, „þá væri barnavandamál í heiminum úr sögunni. Þetta kjörorð er fengið að láni og aðlagð úr sögunni sem sögð er í kvikmyndinni Schindler's list, en þar stóð inni í hring sem honum var gefinn: Sá sem bjargar einu mannlífi ... Þetta er upphaflega úr Talmúd, sem er trúarrít gyðinga. Annars kemur ævintýrið af Steini Bollasyni, sem Steingrímur Thorsteinsson þýddi á sínum tíma, stundum upp í hugann. Hann eignaðist allt í einu 100 börn með hjálp Guðs. Ég segi stundum að ég ætli að slá honum við áður en ég hverf hédan. Ég hugsa að við verðum komin yfir 100 börn á næsta ári. Mér finnst þá vera komið að ákveðnum tímamótum og edlilegt að endurnýja í forystunni. Síðan erum við hjónin engin unglömb og það þarf að yngja upp.“ Blaðamaður er tregur til að fallast á þetta og spyr hvort það sé áhyggjuefni á þessari stundu. „Heldur þú að áttatíu og sjö barna afi hafi ekki stöðugar áhyggjur?“ spyr Njörður og kímir.

Nánari upplýsingar um samtökin og starfsemi þeirra er að finna á heimasíðu þeirra, www.spes.is, og á alþjóðlegu heimasíðunum www.spesworld.free.fr (frönsk) og www.scalphil.free.fr (enskt). Formaður Spes á Íslandi er Ólöf Nordal alþingismaður.



Neytandinn skiptir höfuðmáli

– segir Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra

Eins og fram hefur komið í síðustu Samiðnarblöðum hafa margir áhyggjur af veikri stöðu kaupenda í fasteignaviðskiptum. Í því sambandi hefur verið bent á þá staðreynd að hér á landi er ekki gerður greinarmunur á fasteignasala sem fer með mál seljanda og fasteignasala sem fer með mál kaupanda. Raunar er það svo að í langflestum fasteignaviðskiptum á Íslandi fer sami einstaklingurinn með mál beggja. Sumir eru þeirrar skoðunar að öryggið væri meira ef þetta væri aðskilið. Í síðasta tölublaði var meðal annars rætt við umhverfisráðherra og byggingarfulltrúann í Reykjavík. Til að halda umræðunni áfram var tekið hús á Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra sem fer með málefni neytenda. Hann var fyrst spurður hvaða álit hann hefði á þeirri skoðun sem ýmsir hafa haldið á lofti að hagsmunir kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum verði ekki tryggðir nema því aðeins að einn fasteignasali þjóni hvorum um sig, en ekki sá sami báðum eins og nú er.

„Það er athyglisvert sjónarmið,“ segir Björgvin. „Ég mælti um daginn fyrir frumvarpi til laga um fasteignaviðskipti. Það er heilmikill bálkur þar sem lagðar eru til allskonar breytingar, bæði um nám fasteignasala, starfsumhverfi þeirra og fleira. Þetta mál er búið að vera lengi í undirbúningi, fyrst í dómsmálaráðuneytinu og færðist síðan hingað um áramótin. Þetta er nýr málaflokkur hér. Við kláruðum málið hér í ráðuneytinu og það var mælt fyrir því, þótt það næðist ekki að afgreiða það úr þinginu.“

Að sögn Björgvins kom fram í undirbúningi málsins að skoðanir eru skiptar. Undanfarin ár hafa nýir viðskiptahættir verið að ryðja sér til rúms í fasteignaviðskiptum, sölum fækkað og þær stækkað og starfshættir breyst.

„Þetta eru dálítið eins og tveir heimar. Annars vegar er um að ræða sjónarmið sem hafa verið ríkjandi í fasteignasölu á Íslandi og endurspeglast í stöðu hins löggilta fasteignasala. Þar vilja menn til dæmis útrýma verktöku og þess háttar. Á hinn bóginn eru síðan sjónarmið sem hafa verið að ryðja sér til rúms, þar sem verktakar í fasteignasölu gegna lykilhlutverki. Þetta eru tveir andstæðir pólar og við höfum horft til þess að fara einhverja millileið í þessu

sambandi. Í okkar augum er það aftur á móti neytandinn sem skiptir höfuðmáli. Við viljum tryggja að hann fái þjónustu fagmanna, með tilskilin réttindi. Á hinn bóginn viljum við ekki banna fólki sem ekki hefur réttindi löggilts fasteignasala að vinna á fasteignasölu. Þess vegna er farin sú leið að skilgreina mjög víðtækar reglugerðarheimildir viðskiptaráðherra til að skilgreina verktöku í fasteignasölu og setja henni hömlur. Við ætlum að skerpa á verksviði fasteignasalans.“

Stærsta fjárfestingin í lífinu

„Fyrir langfesta er þetta eina stóra fjárfestingin og um leið ævisparnaðurinn. Ef hún misheppnast, þá nær fólk sér oft ekki á strik það sem eftir er ævinnar. Við búum líka við það sérstaka umhverfi hér á Íslandi að hér þurfa allir að eiga, ungir og aldnir. Búseturéttarfyrikomulagið er ekki almennt á Íslandi, eins og til dæmis annars staðar á Norðurlöndum. Það er að mörgu leyti hyggilegra fyrikomulag. Þá er þessi neytendaáhætta líka miklu minni. Þetta er að sjálfsögðu spurning um aðgerðir til lengri tíma, en mér finnst við eignum að stíga skref í þá átt. Mér finnst

góð hugmynd að sveitarfélög, lífeyrissjóðir, einkaaðilar og ríkið taki saman höndum við að auka valkosti í þessu sambandi. Fólk eignast íbúðarrétt í þessu kerfi, hann er verðmætur líka og verðmæti hans getur aukist.“

Að einn fasteignasali sé málsvari kauparkomulag sem víða er þekkt. Kom sá möguleiki aldrei til álita, úr því verið er að vinna við nýja löggjöf um fasteignaviðskipti?

„Þessi kostur var skoðaður og ýmsir hafa bent á þann möguleika. Ég nefndi hann til dæmis í framsöguræðu þegar ég mælti með frumvarpinu. Ég held hins vegar að það sé hægt að gera ýmislegt annað áður en þessi kostur er valinn, ýmislegt sem eykur öryggi neytandans í viðskiptunum. Ég vil samt ekki útiloka að gripið verði til þessarar aðferðar, ef aðrar skila ekki árangri en mér þótti rétt að prófa fyrst önnur ráð, því þessi aðferð eykur að öllum líkindum flækjustigið í viðskiptunum og gerir þau örugglega kostnaðarsamari.“

Frumvarpið var ekki afgreitt á þinginu sem er nýlokið. Björgvin er spurður að því hvort það verði lagt fram í óbreyttri mynd þegar þingið kemur aftur saman í haust. „Við ætlum að skoða það betur áður en



Fanntófell ehf.
Bíldshöfða 12
110 Reykjavík
Sími 587 6688



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

22





*Björgvin G.
Sigurðsson
viðskiptaráðherra á
skrifstofu sinni.*

teljum við okkur vera að gæta hagsmuna neytandans.“

Ekkert heilagt, nema réttur neytandans

Björgvin segir ýmislegt gott í okkar löggjöf, en kveðst munu beita sér af fullum krafti í að bæta það sem miður er. Ef leiðin sem farin hefur verið virkar ekki nógu vel, þá verði aðferðin endurskoðuð. „Það er í rauninni ekkert heilagt í því sambandi,“ segir viðskiptaráðherra. Hann segir óvíða færri tilvik um deilur eftir kaup en á Íslandi. „Ég held að löggjöfin sé alveg bærileg, til dæmis hvað varðar rétt kaupanda ef í ljós koma leyndir gallar og þess háttar. Það hefur samt sem áður oft reynst fólki erfitt að sækja rétt sinn í þeim efnum, þótt hann hafi reynst ótvíræður, eins og þið hafið til dæmis bent á í Samiðnarblaðinu. Þetta er mál sem við þurfum að ná betur utan um. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eitt af stærstu neytendamálunum. Að vísu eru málin tiltölulega fá á ári eins og ég benti


það fer aftur fyrir þingið, meðal annars í ljósi þeirra umsagna sem bárust. Þetta er eitt af því sem við skoðum betur. Það er ekki útilokað að niðurstaðan verði sú að þarna verði gerður greinarmunur á milli, í ljósi þeirra tilvika sem bent hefur verið á. Frumvarpið allt gengur út frá því að bæta stöðu neytandans. Það skiptir öllu máli að það séu vammlausir aðilar sem

sjá um kaup og sölu. Það var til dæmis ákveðið að hreyfa ekki við eignarhaldinu, það eru bara löggiltir fasteignasalar sem geta átt fasteignasölu. Þannig komum við í veg fyrir að til dæmis bankar og stórir verktakar geti farið um og keypt upp fasteignasölu eins og við höfum séð gerast í sumum geirum viðskipta og er þekkt sums staðar erlendis. Með þessu



GA
SMÍÐAJÁRN

Allar tegundir
af smíðajárni,
stálbitum, rörum,
plötujárni og fittings.



GUÐMUNDUR ARASON ehf

Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík

Sími 568 68 44

www.ga.is • ga@ga.is



á, og tölfræðin okkur hagstæð. Þessi mál eru hins vegar stór og alvarleg og miklir hagsmunir í húfi. Síðan er auðvitað hugsanlegt að fólk hreinlega veigri sér við að sækja rétt sinn í minni málum, vegna þess að það er flókið og kostnaðarsamt. Það er eitt af því sem við þurfum að skoða. Ég lít þannig á að það hafi verið mikið framfaraspor að þessi málaflokkur skuli nú eiga heima hér í viðskiptaráðuneytinu, þar sem málefni og hagsmunir neytenda eru útgangspunkturinn.“

Björgvin kveðst leggja áherslu á að bæta stöðu neytenda í fasteignaviðskiptum, en er ekki endilega þeirrar skoðunar að það þurfi flóknar og viðamiklar breytingar á vinnubrögðum og reglum til að staða þeirra batni. „Ég bendi til dæmis á umræðu sem Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur farið fyrir og meðal annars hefur verið fjallað um í blaðinu hjá ykkur, það er svokölluð sáttaleið. Fasteignasalar hafa vissulega gegnt þessu hlutverki hér á landi, en með hliðsjón af mögulegum hagsmunarárekstrum í því sambandi má velta fyrir sér möguleikanum á að fela öðrum aðila sátttaumleitun ef mismunandi skilningur kemur upp um túlkun samninga. Þá verði látið á það reyna hvort hægt sé að finna sameiginlega lausn í ágreiningsmáli áður en farið er með það fyrir dómstóla, með tilheyrandi kostnaði og óþægindum. Þessi aðferð tónar líka vel við aðra hluti sem við höfum verið að vinna hér, varðandi svokallaða greiðsluáðlögun. Ég hef þegar kynnt frumvarp í ríkisstjórn um málið. Þá fer fólk sem lendir í greiðslu-erfiðleikum til hlutlausra aðila og óskar eftir aðlögun til fimm ára. Sé það samþykkt út frá skilgreindum forsendum er banka eða lánastofnun gert að ganga til samninga. Skuldari gengst inn á að að afsala sér tilteknum hluta launa sinna í ákveðinn tíma, en heldur ákveðnu eftir til framfærslu. Það sem hann afsalar sér fer í pott sem síðan fer til lánastofnana sem greiðsla. Þessi leið felur það í sér að lánastofnanirnar afsala sér hluta krafanna hjá skuldaranum.

Greiðsluáðlögunin miðar að því að bæta stöðu neytenda. Sáttaleiðin er önnur slík leið og það er gott að talsmaður neytenda skuli taka upp svona mál og beita sér fyrir þeim. Hann hefur komið með margar athyglisverðar hugmyndir



Viðskiptaráðherra kveðst leggja áherslu á að bæta stöðu neytenda í fasteignaviðskiptum, en er ekki endilega þeirrar skoðunar að það þurfi flóknar og viðamiklar breytingar á vinnubrögðum og reglum til að staða þeirra batni.

og tillögur í starfi sínu. Ég tek undir það sem hann hefur sagt í þessu sambandi, að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að leita sátta í stað þess að fara með allt fyrir dómstóla. Það borgar sig fyrir báða aðila, líkt og greiðsluáðlögunin sem ég minntist á. Sú leið fækkaði gjaldþrotum í Danmörku um 60%. Það er hægt að reikna út beinan fjárhagslegan ávinning beggja. Sá sem lánar peninga fær hluta af því sem hann lánaði til baka, vonandi sem mest af því, í stað þess að sækja það með því að keyra einstaklinginn í þrot, með tilheyrandi kostnaði og oft rýrri eftirtekju. Eftir stendur svo einstaklingurinn slyppur og snauður, útskúfaður úr samfélaginu, niðurbrotinn og beygður. Þetta er vond leið og ómanneskjuleg og ég vona að okkur takist að útrýma henni.“

Kerfið til staðar í sýslumannsembættunum

Björgvin er þeirrar skoðunar að sáttaleiðin geti leitt til lykta minni mál og mál sem nú fara ekki lengra en valda ergelsi og vandræðum fyrir alla aðila. Hann bendir á að þess séu mörg dæmi að vinir og

kunningjar séu að byggja hver fyrir annan og eðlilega komi oft upp mismunandi skilningur á því hver eigi að greiða hvað. Mörg leiðindamál hafi komið upp í þessu sambandi, sem hægt hefði verið að afstýra með viðeigandi úrræðum. „Ég held að sáttaleiðin gæti leyst mörg smærri deilumál sem nú fara ekki fara fyrir dómstóla af því að það er svo dýrt og erfitt, en valda samt sem áður ómældum leiðindum og vandræðum fyrir alla. Sáttaleiðin felur í sér að þeir sem deila standi upp sáttir og að deilan sé afgreidd með einhverjum hætti, það er að segja ef niðurstaða fæst. Annars eiga menn auðvitað val um dómstólaleiðina, ef sáttaleiðin gengur ekki upp. Þetta er leið sem hefur verið farin annars staðar með góðum árangri.

Hér á landi höfum við öll skilyrði til að fara þessa leið. Við erum með sýslumannsembættin, sem eru séríslensk fyrirbæri og þau hafa nánast þetta skilgreinda hlutverk nú þegar, þannig að það þyrfti ekki að fara í flóknar kerfisbreytingar til að gera þessari aðferð hærra undir höfði en nú er. Það væri fróðlegt að heyra álit dómsmálaráðherra á þessu. Mér finnst þetta að minnsta kosti mjög athyglisverð hugmynd,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra og er rokinn til að sinna málum í tengslum við jarðskjálftana miklu á Suðurlandi nýverið.

RioTinto Alcan



ENDURVINNSLAN HF
Krumaravogi 4 Pósthólf 4012 104 Reykjavík
Sími 588 8522 Bréfasími 588 8986



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA





ÉG KÝS AÐ VERA Í VM

- ▶ Sterkur sjúkrasjóður
- ▶ Dagpeningar 90% af meðallaunum síðustu 6 mánaða
- ▶ Fræðslusjóður greiðir 60% af námskostnaði

Kynntu þér málið á vm.is



Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

- okkur er annt um þinn hag

VM ▶ Stórhöfða 25 ▶ 110 Reykjavík ▶ sími 575 9800 ▶ www.vm.is



Harpa Dís Harðardóttir kennir Hannesi Lentz, skógarbónda úr Laugadalnum, hvernig best er að nota svuntu til að gleyma í plöntur þegar verið er að gróðursetja.

Skógrækt er líf og yndi Hörpu

**Harpa Dís
Harðardóttir sótt
heim í Björnskot
og tekin tali um
Suðurlandsskóga
og lífið á Skeiðunum**

– Ég hef verið viðloðandi Suðurlandsskóga í 11 ár. Þetta verkefni á vel við mig og ég er hæstánægð í vinnunni, segir Harpa Dís Harðardóttir garðyrkjufræðingur þegar tíðindamaður Samiðnarblaðsins sótti hana heim þar sem hún býr ásamt manni sínum og þremur börnum í Björnskoti á Skeiðum.

Suðurlandsskógar eru 40 ára skógræktarverkefni á Suðurlandi og er takmarkið að rækta upp skóg á um 5% af láglandi á Suðurlandi. Verkefnið byggist á lögum sem samþykkt voru á Alþingi árið 1997

en fyrsta gróðursetningin undir merkjum Suðurlandsskóga fór fram vorið árið 1998. Að sögn Hörpu er athafnasvæði Suðurlandsskóga allt Suðurkjördæmið. Svæðinu er síðan skipt eftir sýslum.

– Ég er svæðisstjóri í Árnessýslu. Hún er minn heimavöllur. Öll lögbýli sem það vilja geta sótt um að gerast aðilar að þessu verkefni og eftir að bændur hafa lagt fram umsókn er athugað hvort raunhæft sé að hefja skógrækt á jörð þeirra. Fari svo er jörðin metin og gerð áætlun um tegundaval og valdir heppilegir svæði í samráði við ábúendur, þá er skrifað undir skógræktarsamning um viðkomandi svæði og samningnum er svo þinglýst sem kvöð á jörðina

Þegar tíðindamaður Samiðnarblaðsins leit við hjá Hörpu var hún að afgreiða skógarbónda sem var kominn úr Laugadalnum til að sækja plöntur, áburð og verkfæri til gróðursetningar. – Hér í Björnskoti er ég með dreifingarstöð fyrir bændur sem eru þátttakendur í Suðurlandsskógum. Hingað sækja menn plöntur og áburð og annað sem til þarf, þessu sinni ég fyrir hádegi. Eftir hádegisd hefst svo þeytingur, ég heimsæki skógarbændurna, veiti þeim ráðgjöf, sinni eftirlitsstörfum og tek út ný svæði, segir Harpa.

Meðlagsgreiðendur

Vinsamlegast gerið skil hið fyrsta
og forðist vexti og kostnað



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Aðspurð um hvort sátt sé í sveitum Suðurlands um þetta verkefni segir hún að svo sé.


– Auðvitað eru ekki allir sammála um réttmæti þess að taka lönd undir skógrækt. Enn eimir eftir af því viðhorfi að land eigi annaðhvort að nýta til beitarræði eða heyja. Vandinn er sá að það vantar að sveitarfélögin skilgreini sitt landsvæði. Til hvers á að nota landið? Aðeins eitt sveitarfélag hér í minni sýslu hefur gert það, og það er Hrunamannahreppur. Þar hafa þeir samþykkt landnýtingaráætlun fyrir landsvæði sitt og það er af hinu góða, segir Harpa sem þó telur að mikið af landi sem nú er nýtt undir skógrækt á Suðurlandi væri ella vannýtt.

– Skógurinn á vafalaust eftir að nema land víða á Suðurlandi þegar fram líða stundir og menn átta sig enn betur á að hann á eftir að skila arði. Og ekki bara fjárhagslegum arði heldur skapar hann ef vel tekst til betri lífsskilyrði fyrir þá sem búa á svæðinu, segir Harpa og bætir við að eitt af hlutverkum Suðurlandsskóga sé að aðstoða bændur við að rækta upp skjólbelti á jörðum sínum.

– Ég held að fleiri og fleiri séu að gera sér grein fyrir því að með því að koma sér upp góðum skjólbeltum meðfram ræktunarlandinu má auka nýttar þess verulega. Gott skjól skapar möguleika á að stunda til dæmis kornrækt með betri árangri en nú er, segir Harpa sem undanfarin ár hefur helgað líf sitt skógrækt. Til að geta betur tekist á við það verkefni hefur hún lagt stund á framhaldsnám við Landbúnaðarháskólann og útskrifast sem skógfræðingur nú í vor.

– Skógrækt hefur alla tíð heillað mig og ég er svo lánsöm að geta starfað við þetta. Þetta er gefandi og fjölbreytt. Starf okkar svæðisstjórnanna er margþætt, í gegnum starfið kynnist maður allslags fólki sem er að vinna hér brautryðjendastarf við að koma upp fyrstu kynslóð nytjaskóga á Íslandi, segir Harpa og bætir við að hún þrífist hvergi eins vel og í sveitinni.

– Það er gott að búa á Skeiðunum. Héðan er stutt í allar áttir og hér eru góðir skólar, bæði leik- og grunnskólar, og heilsugæsla og önnur þjónusta er í góðu lagi hér hjá okkur. Börnunum líður vel hér og mannlíf á Skeiðunum er með ágætum, segir Harpa Dís Harðardóttir garðyrkjufræðingur sem senn mun skreyta sig með nafnbótinni skógfræðingur og yfirgefur þar með gömlu félagana í FIT.



Harpa Dís Harðardóttir rekur dreifingarstöð fyrir skógarbændur í Árnessýslu á bæ sínum, Björns koti á Skeiðum.



Höfuðstöðvar Ístaks, Engjateigi 7

Traustur verktaki – samstillt starfsfólk

ÍSTAK hefur starfað í byggingariðnaði í 37 ár. Góður árangur fyrirtækisins hefur ekki síst byggst á því að ráða gott og hæft starfsfólk. En það er ekki nóg að ráða það, það þarf líka að halda því innan fyrirtækisins.

Þetta hefur okkur tekist einstaklega vel eins og sjá má af því að 91 manns hafa starfað hjá okkur í 10 ár eða lengur og 136 manns í 5 til 10 ár.

Það er okkur löngu ljóst að reyndir starfsmenn skipta höfuðmáli og því leggjum við mikið upp úr því að hlúa að okkar fólki svo ÍSTAK geti haldið áfram að vaxa og dafna um ókomin ár.

ÍSTAK

ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík

Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is



Enginn getur allt en allir geta eitthvað

Það er sagt að ef fiðrildi blakar vængjunum í Kína geti það valdið fellibyl á Kúbu. Þetta er auðvitað dæmisaga en einhverstaðar á vindurinn upptök sín og „léttvæg“ áhrif á umhverfið á einum stað geta valdið stórskaða á öðrum. Umræðan um hlýnun jarðar hefur tekið á sig ýmsar myndir. Deilt hefur verið um hvort hlýnun sé af mannavöldum eða ekki eða hvort þetta sé ekki hið besta mál. „Okkur veitir nú ekki af smá-hlýnun hér á hjaranum,“ segja sumir, en samkvæmt hlýnunarspá fyrir Ísland hækkar ekki endilega sumarhitinn heldur verða færri frost dagar á veturnum. Semsagt minni snjór en meiri rigning á veturna. Þá bráðna jöklar yfir sumarið en minni snjór fellur á veturna til endurnýjunar og við þessa bráðnun jökla hækkar yfirborð sjávar. Er verið að tala um allt frá 0,7 metrum og tölur hafa heyrst um allt að 3 metra hækkun. Hækkun sjávaryfirborðs þýðir að öll eldri hafnarmannvirki fara á kaf á stórstreymi og þarf ekki djúpar lægðir til að allt fari á kaf á hafnarsvæðum. Nýrri hafnarmannvirki gera ráð fyrir þessari hækkun sjávar. Hugsum okkur sjávarþorpin úti um allt land sem standa á eyrum og töngum þar sem jafnvel eru sögur um að sjór hafi gengið á land fyrr á öldum í stórvíðrum. Hver verða áhrif hækkunar sjávar á þær byggðir?

En þetta eru smámunir miðað við það sem getur gerst í Afríku, Asíu og í suðurríkjum Bandaríkjana þar sem þéttasta byggðin er á óshólmum og fenjasvæðum sem standa nánast í sjávarborðshæð, og jafnvel undir sjávarmáli eins og sum hverfin í New Orleans sem fóru illa út úr fellibylnum hér um árið þegar varnargarðar héldu ekki.

Umhverfisumræðan á Íslandi var lengi vel föst í „með eða á móti hvalveiðum“ eða lúpínurækt á söndum, en hefur tekið stórstígum framförum og fólk er farið að horfa á umhverfismál í miklu víðara samhengi. Það eru ekki síst stórverkefni

eins og Staðardagskrá 21 sem hafa frætt og virkjað almenning. Eitt af lykilatriðum í þeirri dagskrá er að hugsa á heimsvísu og vinna á heimavelli (Think global, act local, á ensku) og vera meðvitaður um að enginn getur allt en allir geta eitthvað. Og er frábært að sjá hvað leikskólar og grunnskólar hafa staðið sig vel í fræðslu og vakningu í þessum fræðum.

Hvort
sem

**Heimir Björn
Janusarson skrifar
um umhverfismál**



hlýnun jarðar er af mannavöldum eður ei eru allir orðnir sammála um það að þær birgðir sem til eru í jörðu af jarðefnaeldneyti, svo sem olíu og kolum, endast bara næstu 60–70 ár, og þá bara ef við aukum ekki notkun þessara efna meira en orðið er. Með öðrum orðum: Þegar barn sem fæðist í dag fer á eftirlaun er tankurinn tómur!

En við vitum að orkuþörf heimsins á bara eftir að aukast. Því meira sem við notum af þessum lager, því fyrr verður hann búinn og þar af leiðandi er styttri tími til þess að þróa og finna upp nýja orkugjafa.

Einhver sagði að við ættum ekki heiminn heldur að við værum með hann að láni frá börnum okkar. Það er einmitt

grunnhugmyndin um sjálfbæra þróun að við skiljum við veröldina, þegar þar að kemur, í ekki verra ástandi en þegar við fengum hana til varðveislu. Og það lendir á þeirri kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi að leysa þessi vandamál er við komum þeim í.

Hverju sem menn vilja trú á í þessum efnum þá segir það sig sjálft að hverskonar sóun á náttúruauðlindum er ekkert betri en hver önnur eyðsla af þeim höfuðstól sem við höfum aðgang að og ætti að öllu jöfnu að ganga til afkomenda okkar og vaxa frekar en hitt.

Og hvað getum við gert? Ég held að hollast fyrir okkur nútímamenn væri að staldra ögn við og skoða atferli okkar. Í hvað erum við að eyða orkunni? Föllum við á bíl í líkamsræktina? Erum við að skutla börnum okkar nokkurhundrað metra, og horfum á þau fitna? Kaupum við innflutta vöru þegar sama vara fæst frá íslenskum framleiðanda? Er virkilega þörf á tveimur bílum? Þegar það kostar milljón á ári að eiga bíl, af hverju viljum við þá frítt í strætó?

Hugsun um hvernig veröld við viljum að barnabörn okkar erfi og högum okkur samkvæmt því.



Byggingafélag

JB byggir á reynslunni

Viðhaldsfrjár

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfrjár“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki



HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C

Box 281 202 Kópavogur

Sími 587 2202 Fax 587 2203

hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Framtíðartækifæri í áliðnaði



Við ætlum að ráða fleiri framleiðslustarfsmenn á vaktir í kerskála, skautsmiðju og steypuskála. Framleiðslustörf í álveri Fjarðaáls við Reyðarfjörð eru tækifæri til að tryggja góða framtíð.

Starfsöryggi

Atvinna er óviða tryggari en í álverum. Framleiðslan er jöfn allt árið um kring. Fjarðaál leggur einnig mjög mikið upp úr öryggi og vinnuvernd í álverinu.

Vinnutími

Unnið er á 12 tíma vöktum, að meðaltali 15,2 vaktir í mánuði. Vaktafyrirkomulagið gefur möguleika á bæði góðum frítíma og aukavöktum.

Launakjör

Föst heildarlaun nýrra framleiðslustarfsmanna á vöktum eru um 310.000 kr. á mánuði að meðaltali. Inn í þá tölu reiknast desemberuppbót, orlofsuppbót og 15% frammistöðuávinningur.

Fríðindi

Fjarðaál býður starfsmönnum akstur til og frá vinnu. Starfsmenn fá máltíð á hverri vakt.

Starfsþróun

Stöðug þjálfun og fræðsla skipa veigamikinn sess hjá Fjarðaáli. Gert er ráð fyrir að hluta vinnutímans verji starfsmenn utan hefðbundinna starfsstöðva sinna.

Fjölbreytni

Framleiðslustörfin eru afar fjölbreytt og til lengri tíma er lögð áhersla á fjölbreytni og hreyfanleika starfsmanna í framleiðsluteyminum.

Velferðarþjónusta

Starfsmenn hafa aðgang að fjölþættri velferðarþjónustu Heilsuverndarstöðvarinnar. Í fyrirtækinu eru starfandi hjúkrunarfræðingar og læknir er á staðnum tvisvar í viku. Fjarðaál styrkir einnig líkamsrækt starfsmanna.

Flutningsaðstoð

Fjarðaál aðstoðar þá sem flytjast inn á skilgreint atvinnusóknarsvæði úr meira en 100 kílómetra fjarlægð. Flutningur og fasteignaskipti eiga að vera starfsmönnum kostnaðarlaus.

Raf- og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum raf- og véliðnaðarmönnum til að sinna margvíslegu viðhaldi í hátæknivæddu umhverfi. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækja og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Unnið er í teyminum og verkefni hvers iðnaðarmanns eru fjölbreytt. Á vinnusvæðinu eru meðal annars

afkastamesta rafveita á landinu, hátæknivædd skautsmiðja, sjálfvirk flutningskerfi fyrir hráefni, tölvustýrð rafgreiningarker, öflug loft- og vatnshreinsivirki, fullkomin álvirasteypa og farartæki af ýmsum stærðum og gerðum. Mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun iðnaðarmanna.



AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.



Það borgar sig að vera í verkalýðsfélagi!

Í Bandaríkjunum eru félagar í sambærilegum störfum og félagar í Samiðn í nokkrum verkalýðsfélögum, ekki ólíkt því sem hér er. Þátttaka er samt sem áður langt frá því að vera jafnalmenn og hér. Réttindi sem íslenskt launafólk öðlast með því að vera í verkalýðsfélagi þurfa flestir Bandaríkjamenn að kaupa á einstaklingsgrundvelli.

Árið 2006 voru rúmar 15 milljónir Bandaríkjamanna í verkalýðsfélögum, eða um 12% launafólks. Í byggingariðnaði er hlutfallið um 13%. Í opinbera geiranum er þátttaka í verkalýðsfélögum um 36%, en um 7,5% á almennum vinnumarkaði.

Þrátt fyrir þetta leikur enginn vafi á því að það borgar sig að vera í verkalýðsfélagi, ekki síður í Bandaríkjunum en annars staðar.



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

Frá hugmynd
að fullnu verkefni



≡ HÉDINN ≡

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is





Félagar í verkalýðsfélögum í Bandaríkjunum hafa að jafnaði 30% hærri laun en þeir sem ekki eru í félagi. Einungis 14% þeirra sem standa utan verkalýðsfélaga eiga lífeyrisréttindi, en tæp 70% félaga í verkalýðsfélögum. Meira en 97% þeirra sem eru í félögum eiga rétt á sjúkrabótum, en 85% launafólks utan félaga.

Samiðnarblaðið þakkar stuðninginn

Bifreiðaverkstæðið Rauðalæk, Hellu

Bifreiðaverkstæðið Toppur, Skemmuvegi 34,
Kópavogi

Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðavogi 7, Reykjavík

Blikksmiðjan Vík ehf., Skemmuvegi 42, Kópavogi

Borgarbyggð

Einar Beinteins ehf., Grófarsmára 8, Kópavogi

Faxaflóahafnir

Fínþússning, Íshellu 2, Hafnarfirði

Garðabær

Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas, Gullhellu 1,
Hafnarfirði

Meistarafélag í hárgreiðslu, Borgartúni 35, Reykjavík

Norðurvík, Höfða 2, Húsavík





Þrír efstu menn án forgjafar: Guðmundur Bergsson FIT, Óskar Pálsson FIT og Garðar Ólafsson TR.



Óskar Gíslason FIT og Brynjar Lúðvíksson FIT stóðu sig best af þeim sem eru með forgjöf.



Helga Björg Steingrímsdóttir átti högg næst holu á 2. braut.



Sigurvegararnir í unglingsflokki, þeir Ragnar Már Garðarsson og Henning Þórðarson. Ragnar vann einnig það afrek að slá næst holu á 13. braut.

Golfmót Samiðnar – úrslit

Hið árlega golfmót Samiðnar var haldið á golfvöllinum við Hellu laugardaginn 7. júní. Mótið var jafnframt innanfélagsmót aðildarféлага Samiðnar og mættu hátt í 40 félagsmenn og fjölskyldur þeirra til leiks.

Samiðn – Samiðnarbikarinn

Án forgjafar	Félag	Högg
1. Guðmundur Bergsson	FIT	74
2. Óskar Pálsson	FIT	76
3. Garðar Ólafsson	TR	80
Með forgjöf		
1. Brynjar Lúðvíksson	FIT	70
2. Óskar Gíslason	TR	70
3. Þorbjörn Björnsson	TR	72

Félag iðn- og tæknigreina

Án forgjafar	Högg
1. Guðmundur Bergsson	74
2. Óskar Pálsson	76
3. Ragnar Gunnarsson	94
Með forgjöf	
1. Brynjar Lúðvíksson	70
2. Kristinn Einarsson	73
3. Sigurður Gunnarsson	75

Trésmiðafélag Reykjavíkur

Án forgjafar	Högg
1. Garðar Ólafsson	80
2. Hafþór Helgi Einarsson	85
3. Margrét Jónsdóttir	91
Með forgjöf	
1. Óskar Gíslason	70
2. Þorbjörn Björnsson	72
3. Árni Valsson	77

Unglingaflokkur

1. Ragnar Már Garðarsson	75
2. Henning Þórðarson	80
Næst holu á 2. braut	
Helga Björg Steingrímsdóttir	3,87 m
Næst holu á 13. braut	
Ragnar Már Garðarson	6,08 m



Lóan er komin!

Ljósafossstöð við Sog

Einstakt tækifæri til að sjá valin verk úr sýningu Steingríms Eyfjörð „Lóan er komin“ sem var framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum 2007.

Sýningin er opin alla eftirmiðdaga í sumar frá 7. júní.

Kynnið ykkur raforkuframléiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfelli, Kröflustöð, Laxárstöð og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.

Végarður er opin frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Uppskrift að árangri



Þegar saman fara skýr stefnumið, gott starfsfólk og metnaður til að gera vel, aukast líkur á að tilætluðum árangri verði náð.

Þannig er árangur í rekstri ekki tilviljun, heldur afleiðing markvissra starfshátta. Norðurál hefur náð settum markmiðum með góðum vinnubrögðum og samvinnu starfsfólks sem lætur verkin tala.

Hjá Norðuráli á Grundartanga starfa nú á fimmta hundrað manns að fjölpættum verkefnum. Framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu væntanlegs álvers í Helguvík þar sem enn mun bætast við valinn hóp vaskra starfsmanna.

NA **NORÐURÁL**
CenturyALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is